



Erindisbréf nefndar um framtíðarhúsnæði leik- og grunnskóla í Skutulsfirði

1. gr.

Stjórnskipuleg staða

Nefnd um framtíðarhúsnæði leik- og grunnskóla í Skutulsfirði starfar í umboði bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Nefndin er verkefnabundin nefnd, skv. 39. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. og E-lið 48. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar.

2. gr.

Skipan nefndarinnar

Bæjarstjórn kýs fjóra fulltrúa og fjóra til vara. Auk þess skal eiga sæti í nefndinni sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Nefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi hennar.

Kjörnir fulltrúar bæjarstjórnar eiga rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum er fjallað er um hverju sinni.

Starfsmönnum sveitarfélagsins er skylt að sitja fundi nefndarinnar sé þess óskað.

3. gr.

Hlutverk og verkefni

Meginhlutverk nefndar um framtíðarhúsnæði leik- og grunnskóla í Skutulsfirði er að undirbúa og leggja fram faglega greiningu á framtíðarhúsnæði leik- og grunnskóla í Skutulsfirði, með það að markmiði að tryggja hagkvæmt, öruggt og framtíðarþolið húsnæði sem mætir þörfum skólastarfs. Verkefnin eru eftirfarandi:

- Að safna upplýsingum um núverandi húsnæði leik- og grunnskóla, starfsemi og framtíðarþörf skólanna.
- Að greina mismunandi valkosti til stækkunar m.a. með hliðsjón af skipulagi, aðgengi, samnýtingu rýma og fjárhagslegum forsendum.
- Að vinna samanburð á kostum og göllum mismunandi lausna, þar á meðal hvort henti betur að stækka núverandi skólabyggingar eða byggja nýjar á nýjum stað.
- Að leggja fram tillögur um næstu skref, þ.m.t. hönnunarfasa, undirbúning framkvæmda og fjárhagsramma.
- Að vera bæjarstjóra og embættismönnum til ráðgjafar varðandi alla þætti sem snúa að framtíðaruppbyggingu skólana.
- Að tryggja samráð við skólastjórnendur og starfsfólk skólanna um þarfir, forgangsröðun og hugmyndir varðandi húsnæðið.

Nefndin skal sækja þá sérfræðipjónustu sem nauðsynleg er til að uppfylla hlutverk nefndarinnar.

Sviðsstjóri á skóla- og tómstundasviði starfar með nefndinni, tekur saman gögn og upplýsingar sem óskað er eftir, og bera ábyrgð á samantekt og útgáfu minnisblaða nefndarinnar um ákvarðanir og tillögur til bæjarstjórnar og rökstuðning þeirra.

Greitt er fyrir fundasetu samkvæmt reglum Ísafjarðarbæjar um greiðslur til bæjarfulltrúa og nefndarmanna. Ekki er greitt fyrir fundasetu bæjarstjóra, sviðsstjóra, skipulagsfulltrúa, leikskólastjóra eða skólastjóra.

4. gr.

Starfshættir

Um starfshætti nefndar um framtíðarhúsnæði leik- og grunnskóla í Skutulsfirði, fundi, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði IV. og VI. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar.

Nefndin kemur saman reglulega, í upphafi vikulega og eftir þörfum þegar greiningarvinna og ákvarðanir eru til umfjöllunar. Aukafundi skal halda ef formaður eða a.m.k. þrír nefndarmenn óska þess.

Ritari nefndarinnar er sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs. Um ritun fundargerða og fundarskóp gilda sömu reglur og um bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.

Fundarboðun skal vera með tölvupósti og innihalda fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð og gögn skulu send nefndarmönnum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar og sér um að allt fari löglega fram á fundum hennar.

5. gr.

Afgreiðsla mála og eftirfylgni

Nefndin leggur tillögur sínar um afgreiðslu einstakra mála fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

Nefndinni er heimilt að fela starfsmanni að vinna frekar að úrlausn tiltekins mál og leggja aftur fyrir nefndina til afgreiðslu eða umræðu.

Fulltrúi nefndarinnar á rétt á því að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem er til meðferðar í nefndinni.

Fundargerðir nefndarinnar skal leggja fyrir bæjarstjórn til kynningar.

Fulltrúar í nefndinni skulu snúa sér til sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs með eftirfylgni hugmynda hópsins, auk þess sem nefndin ber ábyrgð á að fylgja málum og/eða tillögum eftir til bæjarstjórnar.

Nefndin skilar reglulega stöðuskýrslu til bæjarstjórnar um framvindu málsins.

6. gr

Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í nefndinni gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og IV. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Fulltrúa er skylt að boða varmann í forföllum sínum og tilkynna það starfsmanni nefndarinnar.

Heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu fulltrúi staddur í sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda

skv. 14. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá nefndarinnar, enda skilar hann efni þess til starfsmanns nefndarinnar fyrir fundarboðun.

Fulltrúar nefndarinnar skulu hafa hag bæjarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í hópnum, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í nefndinni eða láti af störfum á hennar vegum.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Nefndarmenn skulu gæta jafnræðis, gagnsæis og vandaðrar stjórnsýslu við meðferð mála.

7. gr.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem um starfssvið þess gilda hverju sinni.

Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar eins og hún er hverju sinni og svo og ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

8. gr.

Starfstími

Nefndin hefur störf við stofnun nefndarinnar.

Störfum nefndarinnar lýkur þegar tillögur um framtíðarfyrirkomulag og framkvæmd stækkunar leik- og grunnskóla í Skutulsfirði hafa verið lagðar fyrir bæjarstjórn og samþykktar eða þegar bæjarstjórn ákveður annað.

Miðað er við að störfum ljúki ekki síðar en í lok mars 2026.

9. gr.

Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, og samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar.

Erindisbréf þetta var uppfært og samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 18. desember 2025 með vísan til 47. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og tekur þegar gildi. Gildir erindisbréf þetta þar til störfum nefndarinnar lýkur, eða við lok kjörtímabils sveitarstjórnar, sbr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ísafirði, 18. desember 2025

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, bæjarstjóri